

Nr. 80.
22.
nóvbr.

Lög

um

breyting á lögum um prentsmiðjur 4. desember 1886.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allar prentsmiðjur þær, er nú eru, eða síðar kunna stofnaðar að verða hjer á landi, eru skyldar, að láta Landsbókasafni Íslands og hinna konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn ókeypis í tje 2 eintök hvoru af hverju því, sem prentað er í þeim, stóru og smáu, sem og endur- og sjerprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír. — Amtsbókasöfnin á Akureyri, Stykkishólmi og Seyðisfirði og háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn skulu einnig fá ókeypis hjá öllum prentsmiðjum landsins 1 eintak hvert af öllu því prentmáli, sem í þeim er prentað. Prentsmiðja sendi tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuði, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, allt það prentmál, sem henni ber að standa áður nefndum söfnum skil á, ásamt skrá yfir það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til hlutaðeigandi safna. Slíkt hið sama gildir um afhending blaða, er Landsskjalasafnið á lögum samkvæmt að fá. Vanskil á prentmáli varða sektum frá 5—500 kr., ef eigi er bætt úr vanræktinni, þegar áminnt er um það. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda bókaverði Landsbókasafnsins skrá yfir allt það, stórt og smátt, sem prentað hefur í þeim verið á árinu.

2. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. laga um prentsmiðjur, 4. desember 1886, úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Nr. 80.
22.
Novbr.

Forandring i Lov 4. December 1886 om Bogtrykkerier.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle Bogtrykkerier, som allerede ere eller senere maatte blive anlagte her i Landet, ere pligtige at afgive til Islands Landsbibliotek og det kongelige Bibliotek i København 2 Frieksemplarer til hvert af alt, hvad der trykkes, stort og smaat, ligeledes Optræk og Særtryk af Aviser, Skrifter og Værker, der bestaa af selvstændige Bidrag fra forskellige Medarbejdere, det ene Eksempplar altid paa Skrivpapir, samt endvidere til Amtsbibliotekerne i Akureyri, Stykkisholm og Seydisfjord og til Universitetsbiblioteket i København 1 Frieksempplar til hvert af alt, hvad der trykkes. Ethvert Bogtrykkeri har to Gange aarlig, i Januar og Juli, at indlevere til Stedets Politimester alle de Tryksager, som vedkommende Trykkeri er pligtigt at afgive til fornævnte Biblioteker, tilligemed en Fortegnelse over alt, hvad der er trykt, hvorefter Politimesteren besørger Tryksagerne tilstillede de paagældende Biblioteker. Det samme gælder med Hensyn til Indleveringen af de Aviser, som Landsarkivet ifølge Lovgivningen har Fordring paa. Forsømmelse af Indlevering af Tryksager anses med Bøder fra 5—500 Kr., saafremt Forsømmelsen efter sket Paamindelse ikke oprettes. I hvert Aars Slutning skulle samtlige Landets Bogtrykkerier tilstille Landsbibliotekaren Fortegnelse over alt, stort og smaat, hvad der i Aarets Løb er blevet trykt.

§ 2.

Ved denne Lov ophæves § 2 i Lov af 4. December 1886 om Bogtrykkerier.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.